

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 158/1990. **Guðfinna Sigurgeirsdóttir**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands vegna

Þrotabús Kolbeins Ögmundssonar

(Ólafur B. Árnason hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. mars sama ár. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, „að endurgreiðslukrafa stefnda um að skilað verði íbúð áfrýjanda að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, eða skaðabótakrafa allt að kr. 2.000.000,- verði felld niður eða lækkuð stórlega“. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að áfrýjandi greiði 2.000.000 króna með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Mál þetta var þingfest fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar 29. nóvember 1988. Þíngað var nokkrum sinnum í málinu, og hinn 12. apríl 1989 var kveðinn upp úrskurður, þar sem frávísunarkröfu áfrýjanda var hrundið. Málið var dómtekið að loknum munnlegum flutningi 9. október 1989. Dómur var kveðinn upp 1. desember sama ár. Liðu því sjö vikur og þrír dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim

í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Vegna breytingar á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjaness, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaðar fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og ber héraðs-dómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
